

Skýrsla stjórnar FLÍ á aðalfundi félagsins, þriðjudaginn 31. maí 2011.

Félag leikstjóra á Íslandi telur í dag 103 félagi. Í stjórn félagsins sitja Kolbrún Halldórsdóttir, ritari, Gunnar Gunnsteinsson gjaldkeri og Steinunn Knútsdóttir formaður. Varastjórn skipa Kristín Eysteinsdóttir, Jón Gunnar Þórðarson og Stefán Jónsson en varastjórn situr alla stjórnarfundum.

Eins og flestum er kunnugt hefur stærsta verkefni stjórnar síðastliðin misseri verið að endurskoða samninga FLÍ. Allir samningar hafa verið lausir síðan 2004 og engar þreyfingar hafa verið um launakjör leikstjóra á tímum niðurskurðar. Það hefur því gefið ákveðið rými til endurskoðunar öðrum þáttum sem samningar taka á ss.vinnu umhverfi, skilgreiningar og mat á verkefnum, ábyrgð og skyldum launþega og launaveitanda osfr.

FLÍ er félagi í BHM og hefur þriggja manna nefnd úr stjórn, skipaða formanni, gjaldkera og ritara unnið að aðlögun launþegasamninga BHM að sér þörfum leikstjóra sem voru skilgreindar í gegnum ítarlega greiningu sem fram fór í kjölfar stefnumótunarþings FLÍ sem haldið var 2009.

Nýjum samningum er ætlað að mæta starfsháttum leikhússins til framtíðar. Þar er sérstaklega styrktur höfundaréttur leikstjórans og tekið mið af fjölbreyttni verkefna og opnað er fyrir meiri sveigjanleika í ráðningum.

Stjórnin hélt opinn félagafund á vordögum 2010 þar sem drög að samningum var kynnt og með umboð félagsmanna setti stjórn niður með fulltrúum sviðslistastofnana til samtals um drögin. Tveir vinnufundir hafa átt sér stað með stjórn FLÍ og stjórnendum sviðslistastofnana sem höfðu það að markmiði að ræða um sameiginlegan hag hagsmunaaðila.

Stærstu hagsmunir í málinu eru að mati FLÍ, áhorfandans og er höfuðmarkmið samninganna að stuðla að sem metnaðarfyllstri sviðslist á Íslandi og búa listinni sem fjósamast umhverfi um leið og kjör leikstjóra eru leiðrétt.

Í kjölfar fundanna með fulltrúum sviðslistastofnana lagði stjórnin lokahönd á samningsdrögin sem nú liggja til grundvallar samningaferli sem þegar er hafið.

Samninganefnd FLÍ skipuð þeim Páli Baldvini Baldvinssyni formanni nefndarinnar, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Jóni Páli Eyjólfsson, hefur hitt forsvarsmenn Leikfélags Reykjavíkur á tveimur fundum og er umræða um kröfugerð FLÍ komin nokkuð á veg. Þá hefur verið sent formlegt erindi til samninganefndar ríkisins og óskað eftir viðræðum fyrir hönd félagsins. Formaður samninganefndar hefur fylgst með starfi BHM í yfirstandandi samningalotu og mun FLÍ njóta stuðnings BHM við endanlegan frágang samninga um störf leikstjóra.

Í kjölfarið liggur fyrir samskonar endurskoðun á samningum leikstjóra við RÚV.

FLÍ er aðili að NSIR Sambandi Norrænna leikstjórafélaga. Ísland tók við formennsku í sambandinu 2010 og var fyrsti fundurinn haldinn í Reykjavík í október. NSIR er samræðuvettvangur leikstjóra á Norðurlöndum. Fundurinn var snarpur og góður en aðal umræðuefni fundarins voru samningar leikstjóra á Norðurlöndum, höfundaréttur og hlutverk leikstjóra í menntun áhorfenda.

FLÍ stóð fyrir menningarferð til Berlínar á vordögum 2010 eða nánar tiltekið 17. – 21.maí. Ferðin var vel sótt enda dagskráin spennandi og metnaðarfull. Í borginni var hin margrómaða leiklistarhátíð Teatertreffen sem hópurinn sótti auk stefnumóta við leikhús og listamenn starfandi í Berlín. Ferðin var niðurgreidd af menningarsjóði FLÍ og mæltist mjög vel fyrir.

Til stóða að efna til menningarferðar að nýju í vor en vegna neikvæðrar ávöxtunar á sjóðum félagsins var ákveðið að láta af þeim áætlunum í bili. Hugmynd hefur komið upp að menningarferðir verði farnar annað hvert ár en er það á hendi nýrrar stjórnar að ákveða það.

Það er mikilvægt fyrir leikstjóra að sækja sér innblástur frá ólíkum áttum en stjórn FLÍ stóð einnig fyrir menningarrölti á listasafn þar sem leikstjórar hittu myndlistamanninn Bjarna Massa á Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.

Veitt var úr menningarsjóði tvisvar í vetur og hlutu alls 4 félagar styrk úr sjóðnum. Þetta eru þau Ásdís Þórhallsdóttir, Charlotte Böving, Sveinn Einarsson og Steinunn Knútsdóttir. Hafa þau öll verið beðin um að skrifa skýrslu um verkefni sín og ferðir til birtingar á heimasíðu félagsins, félögum til innblástur og gagns.

Menningarsjóðurinn hefur rýrnað síðustu misseri og úthlutunum fækkað. Ástæðan liggur í þrennu: í fyrsta lagi hafa greiðslur frá IHM hafa lækkað eftir að nýjar úthlutunarreglur gengu í gildi og sala óátekinnna geisladiska dregist saman, í öðru lagi hefur ávöxtun sjóðsins verið í sögulegu lágmarki vegna verðbólgu og í þriðja lagi hafa verið brotalamir á innheimtu menningarsjóðsgjald leikstjóra sem starfa við stóru leikhúsin eftir inngöngu í BHM. Síðastnefnda ástæðan er nú til athugunar og er verið að leysa málið í góðri sátt við stofnanaleikhúsin.

Alls gengu 5 leikstjórar í félagið frá síðasta aðalfundi en þetta eru:

Charlotte Böving  
Bjarni Ingvarsson  
María Ellingsson  
Friðgeir Einarsson  
Friðrik Friðriksson

Steinunn Knútsdóttir

Reykjavík 31.maí 2010